

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Ögmundsdóttur um fjölda starfsmanna við íþróttta-, tómstunda- og æskulýðsstarf.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir starfa á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka við íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarf, þ.e. við rekstur starfseminnar, umsjón mannvirkja og við þjálfunar- og leiðbeinendastörf?

Til að leita svara við fyrirspurninni sendi ráðuneytið bréf 17. janúar sl. með beiðni um umsögn til 33 aðila, þ.e. æskulýðs- og íþróttasamtaka, Þjóðkirkjunnar, Samtaka félagsmiðstöðva, sem eru samtök um 70 félagsmiðstöðva vítt og breitt um landið, og til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá var enn fremur leitað eftir upplýsingum um fjölda kennara í grunn- og framhaldsskólum sem sinna íþróttta-, tómstunda- og æskulýðsstarfi í skólum.

Ráðuneytið hefur upplýsingar frá öllum þessum aðilum. Samkvæmt upplýsingum frá Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands er áætlað að starfsmenn íþróttahreyfingarinnar séu um 170 auk þess sem áætlað er að þjálfarar og leiðbeinendur í hlutastarfi séu um 2.700. Tekið skal fram að þessar tölur er áætlaður fjöldi starfsmanna innan íþróttahreyfingarinnar. Innan Samtaka félagsmiðstöðva og æskulýðs- og íþróttasamtaka annarra en Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands má ætla að starfi 1.078 manns (í fullu starfi eða hlutastarfi). Á vegum Þjóðkirkjunnar starfa að æskulýðsmálum um 213 manns.

Samkvæmt því sem næst verður komist má gera ráð fyrir að innan skólakerfisins sinni um 190 starfsmenn tómstunda- og félagsstarfi í grunnskólum og um 400 íþróttakennarar sinni íþróttastarfi grunnskóla. Í framhaldsskólunum má ætla að um 90 starfsmenn sinni íþróttta- og félagsstarfi þeirra.

Af framangreindu má ætla að við íþróttta-, tómstunda- og félagsstarf æskulýðssamtaka, félagsmiðstöðva, íþróttahreyfingarinnar og grunn- og framhaldsskóla starfi, í fullu starfi og/eða hlutastarfi, allt að 4.841 með einum eða öðrum hætti.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi bréf ráðuneytisins með fyrirspurninni til sveitarfélaga með samtals 257.000 íbúum. Telja má svörunina góða miðað við þann frest sem gefinn var á að svara. Þá leitaðist Samband íslenskra sveitarfélaga enn fremur við að fá fram tölur minni bæjarfélaga (með alls um 10.000 íbúum) sem þó eru að stærstum hluta áætlaðar tölur. Heildarfjöldi stöðugilda starfsfólks við íþróttta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi á vegum sveitarfélaga er um 1.038.

Hafa ber í huga að í svörum frá æskulýðssamtökum, íþróttahreyfingunni, Samtökum félagsmiðstöðva og upplýsingum um fjölda starfsmanna í grunn- og framhaldsskólum er átt við fjölda starfsmanna, ekki fjölda stöðugilda, en heildartalan hjá öllum þessum aðilum er 5.879.

Meðfylgjandi er listi yfir þá 33 aðila sem bréfið var sent til. Upplýsingar liggja fyrir um alla þessa aðila.

AFS á Íslandi
 Alþjóðleg ungmennaskipti
 Alþjóðlegar sumarbúðir barna, CISV
 Bandalag íslenskra farfugla
 Bandalag íslenskra skáta
 Bindindisfélag ökumanna
 BÍSN
 Bridgesamband Íslands
 Félag framhaldsskólanema
 Iðnnemasamband Íslands
 Íslenskir ungtemplarar
 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
 Kristilega skólahreyfingin
 Landssamband íslenskra frímerkjasafnara, unglíngadeild
 Landssamband KFUM og KFUK
 Samband íslenskra sveitarfélaga
 Samband ungra framsóknarmanna
 Samband ungra sjálfstæðismanna
 Samtök félagsmiðstöðva
 Samtök íslenskra skólalúðrasveita
 SÍNE
 Skáksamband Íslands
 Skáksskóli Íslands
 Slysavarnafélagið Landsbjörg, unglíngadeildir
 Stúdentaráð Háskóla Íslands
 Unglíngaregla Stórstúku Íslands
 Ungmennafélag Íslands
 Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands, URKÍ
 Æskulýðsnefnd Blindrafélagsins
 Æskulýðsnefnd Sjálfsbjargar
 Æskulýðssamband kirkjunnar, ÆSKR
 Æskulýðssamtök Hjálpræðishersins á Íslandi
 Æskulýðsstarf Þjóðkirkjunnar